

**Nd.**

## **157. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Jóh. G. Möller.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur, fyrir hönd bæjarsjóðs, skal heimilt að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi til þess að auka við fyrirhugað friðland Reykjavíkurbæjar, Heiðmörk. Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

**G r e i n a r g e r ð.**

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni borgarstjórans í Reykjavík. Málið er fullskýrt með bréfi borgarstjóra og bréfi Skógræktarfélags Íslands, er hvort tveggja fylgir frumvarpinu.

### Fylgiskjal I.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. marz 1942.

Á fundi bæjarráðs 20. þ. m. var samþykkt svo hljóðandi ályktun:  
„Eftir tillögu borgarstjóra samþykkti bæjarráð að skora á þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar að heita sér fyrir löggjöf þess efnis, að bæjarsjóður fái heimild til að taka eignarnámi spildu úr landi jarðarinnar Vatnsenda, er lögð verði við fyrirhugað friðland Reykvíkinga, Heiðmörk.“

Jafnframt því að tilkynna háttvirtum þingmönnum Reykjavíkurkaupstaðar framangreinda ályktun, með tilmælum um, að þeir verði við áskorun þeirri, sem þar um ræðir, læt ég fylgja hér með eftirrit af bréfi frá stjórn Skógræktarfélags Íslands, dags. 18. febr. síðastl., þar sem gerð er nánari grein fyrir málavöxtum.

Bjarni Benediktsson.

Til þingmanna Reykjavíkurkaupstaðar.

c/o Herra próf. theol. Magnús Jónsson, Reykjavík.

### Fylgiskjal II.

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 18. febr. 1942.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands leyfir sér hér með að tilkynna háttvirtu bæjarráði Reykjavíkur, að það muni á vori komanda að öllum líkindum geta gefið bæjarfélaginu nægan gaddavír til þess að girða hið væntanlega friðland Reykvíkinga, „Heiðmörk“. Hvort félagið verður þess megnugt að láta girðingarstaura fylgja með gjöf þessari, er eigi unnt að segja eins og nú standa sakir, en félagið hefur hins vegar lagt drög fyrir kaup á góðum girðingarstaurum norður á Ströndum, og að líkindum munu fást 4000—5000 staurar á næsta vori eða sumri. Verð staura var um kr. 2.00 hér í Reykjavík síðastliðið vor, en má vera, að það verði ögn hærra í ár. Í

væntanlega friðunargirðingu mun þurfa 4000—5000 staura, eftir því hversu girt verður og hversu girðingarstæði er.

Með bréfi þessu vildi stjórn félagsins beina því erindi til bæjarráðs, hvort það mundi vilja taka við þessari gjöf með því skilyrði, að land þetta, sem rætt hefur verið um í þessu sambandi, yrði almenningur fyrir bæjarbúa.

Það skal tekið fram, að fyrir atbeina stjórnar Skógræktarfélags Íslands hefur allmikil spilda úr Hólmshrauni fengið leigð af hálfu eiganda jarðarinnar með því skilyrði, að núverandi ábúanda á Hólmi, Eggerti Norðdahl, væru greiddar kr. 200.00 á ári meðan hann nýtur ábúðarréttar, en að honum liðnum er landið leigulaust.

Innan hinnar fyrirhuguðu girðingar um „Heiðmörkina“ er nokkur spilda úr landi jarðarinnar Vatnsenda. Land þetta er ekki ýkja stórt, en hins vegar er það bezta sauðfjárland bóndans þar. Nú er ákveðið í erfðaskrá Magnúsar heitins Hjaltested, að jörðina Vatnsenda megi ekki selja, en hins vegar hefur umráðamaður hennar leigt miklar spildur úr jörðinni ýmist til 50 eða 99 ára. Til þess að framkvæmd verði úr því verki, sem hafið er, þarf bæjarráð að tryggja sér land þetta á einhvern hátt, annaðhvort með leigu um alla framtíð eða þá með eignarnámi samkvæmt mati, ef ástæður þykja nægar til þess, að eignarnám geti farið fram.

Sunnan við land Vatnsenda er land, sem er í eign hins opinbera, þar eð það er hluti úr landi Garða á Álftanesi. Stjórn Skógræktarfélagsins mun leitast við að ná samningum við hið opinbera, þannig að Reykjavíkurbær geti fengið land þetta með góðum skilmálum.

Að lokum skal þess getið, að stjórn Skógræktarfélagsins hefur dottið í hug, að vera mætti það hagur fyrir Reykjavíkurbæ að hafa samvinnu við bæjarstjórn Hafnarfjarðar, ef hún kynni að hafa áhuga fyrir því að vilja vera með í þessu starfi til þess að friðlandið næði til Hafnarfjarðar um leið.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands býður bæjarráði að vera með í ráðum um uppsetningu og tilhögun væntanlegrar girðingar, ásamt verkfræðingum bæjarins, ef það skyldi óska þess.

Þar eð nauðsynlegt er að vinda bráðan bug að þessu máli, ef girðingin á að komast upp í sumar, treystir stjórn félagsins því, að bæjarráð láti athuga möguleika á því að fá Vatnsendaland með í fyrirhugaða girðingu nú þegar.

Virðingarfyllst

STJÓRN SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Valtýr Stefánsson    H. J. Hólmjárn    Guðbrandur Magnússon.    Hákon Bjarnason.  
(p. t. formaður.)    (p. t. ritari.)

Til bæjarráðs Reykjavíkur.